



Garðabæ 31. mars 2016.

Skrifstofa Garðabæjar,
b.t. Bæjarráðs Garðabæjar,
b.t. Guðjóns E. Friðrikssonar,
Garðatorgi,
Garðabæ

Aðstoð vegna lekaskemmda í Jötunheimum Bæjarbraut 7

Eins og kom fram í tölvupósti frá okkur til bæjaryfirvalda þann 9. mars s.l. þá urðum við að fara í verulegar framkvæmdir til að laga lekaskemmdir sem höfðu komið í ljós í Jötunheimum við Bæjarbraut.

Tjónið var miklu meira heldur en við töldum þegar við lögðum af stað. Þegar búið var að taka klæðningar í burtu kom í ljós að mikill leki hafði verið og lengi í kringum svalirnar á efri hæð. Hafði bæði lekið inn í vegginn við svalahurðina þar uppi sem og fram af svalaendunum beggja vegna og niður vegginn beint inn í gífsplötur sem voru á bakvið bláu ytri klæðninguna og þar með var stór hluti af gaflinu gegnsósa og skemmdir náðu nánast inn í gífsplötuklæðningu að innanverðu. Til að bæta gráu ofan á svart kom einnig í ljós að skemmdir í gífsveggjum voru í salernisherbergi á jarðhæð og vatn hafði skemmt verulega stóran hluta af gífsveggjum og nánast þurfti að endurbyggja allt herbergið.

Þegar upp var staðið voru þessar lekaskemmdir verulega meiri en við áttum von á og ekki var hægt að leysa þetta með einhverri smáviðgerð, heldur var þetta tekið föstum tókum, hreinsað og lagað. Verktakar voru í rúmar tvær vikur við að klára þessar viðgerðir með sérhæfðum tólum og tækjum.

Reikningar frá þeim hljóðuðu upp á 2,6 milljónir og hafa verið greiddir.

Skátafélagið Vífill og Hjúlparsveitin sitja því uppi með þennan kostnað og það er einmitt erindi þessa bréfs. Það er alveg ljóst að svona skakkaföll setja okkur verulega út af sporinu í annars ágætum rekstri félaganna og alveg klárt að við getum ekki skilað eðlilegu starfi þegar allir sjóðir tæmast vegna svona óvæntra útgjalda.

Því förum við þess vinsamlega á leit við bæjaryfirvöld að fá fjárhagsaðstoð til að standa straum af þessum kostnaði.

Með bestu kveðjum og þökkum !
F.h. Húsnefndar Vífils og Hjúlparsveitar skáta

Björn Hilmarsson